

Fundargerð Stjórnar FASK

4 fundur. 26. Okt 2020 kl 20:00

Mættir: Anna María, Bergþóra, Ágúst Elvarsson, (Matthildur í síma), Laufey og Haukur Ingi

Fundargerð ritaði: Haukur Ingi

1. Vinnufundur og skoðanakönnun

Haukur gerði grein fyrir framvindu verkefnisins. Verið væri að bíða eftir loka niðurstöðum frá Söndru vegna vinnufundarins. Eftir að þeirri vinnu lýkur stefnir FASK á að senda út fréttatilkynningu með helstu niðurstöðum. Best væri að gera þetta í samvinnu með SVH. Umræður sköpuðust um hvernig væri best að koma öllum gögnum til almennings. Rætt var um að fá SVH til að birta helstu gögn og niðurstöður á heimasíðu SVH einnig ræða við Stefán Brand sem sér um facebook síðuna Samfélagið Höfn og setja upplýsingar þangað inn.

2. Skipan í vinnuhóp með VJP vegna vinnu við úthlutun leyfa

Fram kom að VJP hafi farið þess á leit við FASK að skipa þrjá fulltrúa í vinnuhóp til viðbótar við þrjá fulltrúa frá VJP. Nú þegar er búið að skipa Steinunni Hödd, Sigurð Óskar og Hlyn frá VJP og að Ingibjörg Smáradóttir sérfræðingur á aðalskrifstofu VJP yrði hópnum innan handar. Æskilegt væri að fulltrúarnir komi frá misstórum fyrirtækjum svo hagsmunir flestra komist að borðinu.

Umræður sköpuðust um mikilvægi þess að vinnan verði sem opnust og að Stjórn FASK verði upplýst um framgang vinnunnar með fundargerðum og/eða minnisblöðum. Lagt var upp með að velja fyrirtæki út frá þekkingu og reynslu þeirra sem og stærð ásamt því að hafa einn fulltrúa FASK í vinnuhópnum. Samþykkt var að skipa Einar Rúnar Sigurðsson sem fulltrúa minni fyrirtækja, Hauk Inga Einarsson sem fulltrúa FASK og Atla Má Björnsson sem fulltrúa stærri fyrirtækja.

Hauki falið að tilkynna til Steinunnar hverjir skipi vinnuhópinn og jafnframt koma með tillögu að vinnuferli sem verði opið og aðgengilegt.

3. Hvernig er best að fjölga félagsmönnum.

Rætt var m.a um hvernig best væri að fjölga félagsmönnum. Fram kom að þegar fréttatilkynning liggur fyrir væri mikilvægt að hvetja aðila til að ganga í félagið.

4. Kynningar/fundir/viðburðir á vegum FASK

Þegar kynningar/fundir/viðburðir eru á vegum FASK skal leitast við að hafa alltaf 2 fulltrúa stjórnna á þeim viðburðum þegar því verður við komið.

Fleira ekki gert, fundi slitið 21:00